

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Óbyggðanefnd <postur@obyggdanefnd.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 10. október 2024 16:16  
**To:** Óbyggðanefnd  
**Subject:** Þjóðlendumál: eyjar og sker

### Þjóðlendumál: eyjar og sker

Tilkynning þessi er send fjölmíðlum, sveitarfélögum sem liggja að sjó og lögmönnum o.fl. sem hafa haft samband við óbyggðanefnd vegna málsmeðferðarinnar

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd endurskoðaðar þjóðlendumarkröfur vegna eyja og skerja umhverfis landið. Kröfulýsingarnar og upplýsingar um málsmeðferðina er að finna á vefsíðu óbyggðanefndar. Þar er m.a. að finna samantekt lögmannra ríkisins um endurskoðunina.

Einnig hefur verið sett upp kortasjá um kröfurnar. Í henni er grá þekja yfir svæðum sem eru undanskilin kröfugerð ríkisins en blár borði er utan um eyjar og sker sem kröfur ríkisins taka til. Kortasjáin byggist m.a. á bestu fyrirliggjandi upplýsingum um fjörumörk en í kröfugerð ríkisins er gerður fyrirvari um að ekki sé útilokað að stórstraumsfjara nái lengra og að viðbótarupplýsingar þar að lútandi kunni að hafa áhrif á afmörkun, sbr. nánari upplýsingar á vefsíðu óbyggðanefndar.

Óbyggðanefnd kallar eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmunu að gæta og hefur nú framlengt kröfulýsingarfrest þeirra til 13. janúar 2025.

### Forsaga málsins og framhald málsmeðferðar

Upphaflega lýsti fjármála- og efnahagsráðherra þjóðlendumarkröfum vegna eyja og skerja í febrúar 2024 og landeigendum var þá veittur frestur til að lýsa gagnkröfum. Í apríl tilkynnti ráðherra óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið að taka kröfugerð ríkisins til endurskoðunar. Óbyggðanefnd hefur síðan þá framlengt kröfulýsingarfrest landeigenda nokkrum sinnum, m.a. í því skyni að tryggja landeigendum nægan tíma að því loknu til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og eftir atvikum lýsa gagnkröfum. Sá frestur hefur nú verið framlengdur enn frekar, þ.e. til 13. janúar 2025.

Rannsókn óbyggðanefnd á málunum er hafin en hún felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunni að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu innan fyrrgreinds frests verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Eftir að gagnaöflun lýkur og framkomin gögn hafa verið rannsokuð til hlítar úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendumarkröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlanda eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur. Ef óbein eignarréttindi reynast til staðar innan þjóðlendna er jafnframt úrskurðað um þau.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð eru á vefsíðu óbyggðanefndar:


- Almennar upplýsingar um málsmeðferð: <https://obyggdanefnd.is/malsmedferd/>
- Upplýsingar um svæði sem eru til meðferðar hverju sinni og ýmislegt sem varðar málsmeðferð þar: [https://obyggdanefnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/)


## Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veita Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, og Erna Erlingsdóttir skrifstofustjóri:

- [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is)
- sími: 563 7000

**Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri**  
Óbyggðanefnd  
Borgartúni 29  
105 Reykjavík  
Sími: 563 7000  
[obyggdanefnd.is](http://obyggdanefnd.is) - Fyrirvari/Disclaimer





## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Hulda Rós Bjarnadóttir - VG <hulda.r.bjarnadottir@vegagerdin.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 17. október 2024 10:48  
**To:** Hulda Rós Bjarnadóttir - VG; Friðrikka Jóhanna Hansen - VG  
**Subject:** Tilkynning um stöðu verkefnisins Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna  
**Attachments:** 2024\_10\_14\_Tilkynning staða verkefnis V1.pdf

Góðan daginn

Meðfylgjandi í viðhengi eru upplýsingar um stöðu verkefnisins *Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna*.

Vegagerðin vill koma á framfæri kærum þökkum fyrir góðar viðtökur á samráðsfundum sem haldnir voru í vor. Þær umræður sem áttu sér stað á fundunum voru upplýsandi, málefnalegar og almennt mjög góðar til að gefa sýn í hverjar þarfirnar eru, þvert á landshluta og samfélög.

Nú þegar hefur Vegagerðin sett sig í samband við nokkur sveitarfélög, skóla og verktaka til að fá betri upplýsingar um ákveðin atriði. Vinna stendur enn yfir og sveitarfélög og skólar mega eiga von á við höfum samband. Ef það mun ekki gerast, fá hagaðilar engu að síður tækifæri til að koma með athugasemdir, álit eða önnur viðbrögð þegar tillögur liggja fyrir, sjá nánari upplýsingar í viðhengi.

Bestu kv.



**Hulda Rós Bjarnadóttir**

sérfræðingur  
Almenningssamgöngur

[hrb@vegagerdin.is](mailto:hrb@vegagerdin.is)

specialist  
Public Transport

[+354 522 1030](tel:+3545221030)

Vegagerðin  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

### **Um ábyrgð á tölvupósti**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti pessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

### **English**

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.



## Tilkynning um stöðu verkefnis

Afhendist til:

- Sveitarstjóra/bæjarstjóra
- Umhverfis- og/eða skipulagsfulltrúa
- Íþrótt- og tómstundarfulltrúa
- Rekstrarfulltrúa innanbæjarvagna (ef við á)

## Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna

Með þessu bréfi vill Vegagerðin upplýsa um stöðu verkefnisins *endurskoðun á leiðakerfi landsbyggðarvagna*.

Vegagerðin, sem ábyrgðaraðili á rekstri landsbyggðarstrætó, vinnur að endurskoðun á núverandi leiðakerfi. Markmiðið er að skoða hverja akstursleið út frá gæðum, nýtni og gagnsemi. Hluti þeirrar vinnu voru samráðsfundir sem Vegagerðin hélt með hagsmunaðilum landsbyggðarstrætó á vormánuðum 2024. Fundina sátu starfsmenn deildar almenningssamgangna hjá Vegagerðinni, aðilar frá sveitarstjórnunum, sveitarfélögum, landshlutasamtökum, framhalds- og háskólum, íþróttafélögum og akstursaðilum.

Síða 1/3

Niðurstaða samráðsfundanna skilaði eftirfarandi áskorunum sem verða leiðandi í endurhönnun á leiðarkerfinu:

Áskorun	
Dagleg ferðahegðun (skóla- og atvinnusókn)	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tíðni ferða verði í takt við vinnu- og skólasókn íbúa.</li><li>• Skoða möguleika á kvöldferðum milli byggðarkjarna.</li></ul>
Of langir leggir	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hluti akstursleiða ekur í gegnum landsvæði með ólík þjónustustig.</li><li>• Östundvísí algeng á lengri leggjum.</li><li>• Samkeppnissjónarmið fyrir verktaka á landsbyggðinni.</li></ul>
Landfræðilegir og veðurfarslegir farartálmar	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lokun vega á heiðum, við fjallshlíðar, öræfum og söndum.</li><li>• Heill akstursleggur getur fallið niður í einum landshluta því hann er mitt á milli tveggja veðurfarslegra tálma.</li></ul>

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær

+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:vegagerdin@vegagerdin.is)

Íbúafjölgun í byggðarkjörnum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í mörgun þéttbýliskjörnum á síðustu 10 árum – og á sér enn stað.</li> <li>Ákall um að tengja byggðarkjarna saman.</li> </ul>
Ferðamenn vs. heimamenn	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hverjum þjónar leiðarnet landsbyggðarvagna? Heimafólk eða ferðafólk?</li> <li>Ferðamaðurinn er t.a.m. ástæða atvinnuuppbryggingar í fjölmörgum sveitarfélögum.</li> </ul>
Kostnaður pr. farþega	<ul style="list-style-type: none"> <li>Minni akstursleiðir á landsbyggðinni eru með háan rekstrarkostnað m.v. farþegfjölda.</li> <li>Hver eru mörk um framboð þjónustu m.v. nýtingu?</li> </ul>
Akstur innan og utan sveitarfélaga	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hver er stefna ríkis um akstur landsbyggðarvagna innan sveitarfélaga?</li> <li>Margar akstursleiðir aka milli þéttbýliskjarna sem eru innan sama sveitarfélags.</li> </ul>
Orkuskipti	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina og raða akstursleiðum niður eftir innleiðingarfösum.</li> <li>Uppbygging innviða fyrir orkuskipti.</li> <li>Framtíðarstefna um að innleiða orkuskipti í alla landsbyggðarvagna.</li> </ul>

Síða 2/3

Vegagerðin

Staða verkefnisins í dag er á þessa leið:

- Verkfræðistofan VSÓ hefur verið ráðin til að aðstoða við endurhönnun á akstursleiðum, tillögur að framkvæmd um orkuskipti og aðkomu að útboðsgerð.
- Ráðgjafafyrirtækið Maskína hefur fengið það verkefni að framkvæma íbúakönnun á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi. Markmiðið er að kanna afstöðu íbúa til landsbyggðarvagna.

Tímalína næstu skrefa er eftirfarandi:

- Upphaf nóvember: Fyrstu gögn send til Strætó bs. til uppsetningar.
- Lok nóvember: Áætluð lok endurhönnunar á akstursleiðum. Gerð útboðsgagna hefst.
- Mánaðarmót nóvember-desember: Kynning á fyrstu drögum send á hagaðila og óskað eftir umsögnum.
- Mánaðarmót nóvember-desember: RFI (Request for information) upplýsingafundur með hópferðarfyrirtækjum.
- Miður desember: Gerð útboðsgagna lokið.
- Janúar 2024: Útboð sett í auglýsingu.

Síða 3/3

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Hulda Rós Bjarnadóttir  
sérfræðingur

Vegagerðin

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Kristján Gestsson - HMS <Kristjan.Gestsson@hms.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 22. október 2024 10:12  
**To:** Stofnframlag - HMS  
**Cc:** Stofnframlag - HMS  
**Subject:** Opnum fyrir umsóknir um stofnframlög fimmtudaginn 24. október 2024

### Fjölgum íbúðum fyrir tekju- og eignalága

Næstkomandi fimmtudag verður auglýst eftir umsóknum í þriðju úthlutun fyrir árið 2024 um stofnframlaglög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu.

### Mikilvægt að hefja undirbúning fyrir umsóknir

Sótt verður um í nýju stofnframlagakerfi HMS og verður slóð á kerfið send samhliða auglýsingu eftir umsóknum.

### Um stofnframlagakerfi HMS

Stofnframlagakerfi HMS hefur verið uppfært. Í þessum áfanga var horft til þess að einfalda sjálft umsóknarferlið og auka kröfur til auðkenningar. Önnur útgáfa er áformuð í vor en þá verður m.a. lögð áhersla á yfirsýn lögaðila yfir þær íbúðir sem hann hefur byggt/keypt á grundvelli stofnframlaga auk þess munu sveitarfélög fá aðgang að umsóknum sem varða sitt sveitarfélag.

Innskráning er nú bundin við prókúruhafa lögaðila og aðra einstaklinga sem prókúruhafar hafa veitt heimild til þess að skrá sig inn í stofnframlagakerfið fyrir hönd síns fyrirtækis/félags. Heimildin er veitt með umboðsmannakerfi island.is á Mínar síður á island.is. Prókúruhafi hefur sjálfkrafa aðgang að kerfinu. Hann skráir sig inn með sínum persónulegum rafrænum skilríkjum og smellir á fyrirtækið til að halda áfram inn í kerfið. Vinsamlegast fylgið leiðbeiningum í viðhengi til þess að veita öðrum en prókúruhafa aðgang að stofnframlagakerfi HMS.

Frekari upplýsingar veitir starfsfólk HMS í síma 440-6400 eða í tölvupósti [stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)

Kveðja / Best regards

### Kristján Gestsson

sérfræðingur

Lán og stofnframlög



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400

# Fjölgum íbúðum

Stofnframlögum þegar úthlutað  
vegna 3.777 almennra íbúða

Húsnaðis- og mannvirkjastofnun úthlutar stofnframlögum til  
samfélagsinsnaðra leigusala til að byggja eða kaupa almennar íbúðir.

Markmið stofnframlaganna er að bæta húsnaðisöryggi tekju- og  
eignaminni heimila með því að fylgja leiguþáðum með viðráðanlegum  
húsnaðiskostnaður. Húsnaðiskostnaður á að vera í samræmi við greiðslugetu  
heimilanna og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.

Almenna íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 og hefur nú þegar rúmlega  
28 milljörðum króna verið úthlutað af HMS til byggingar og kaupa á 3.777  
íbúðum viðsvegar um landið. Heildarfárfesting í uppybyggingumni nemur um  
14.1 milljard króna.


## Opn fyrir umsóknir um stofnframlög

Auglyst er eftir umsóknum um stofnframlög til byggingar eða kaupa á  
almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnaðisöryggi þeirra sem  
eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til  
byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

## Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Nýbyggingar og fylgin leiguþáð.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguþáður fyrir leigjendur undir  
tekju- og eignamörkum.



Húsnaðis- og mannvirkjastofnun úthlutar stofnframlögum til  
samfélagsinsnaðra leigusala til að byggja eða kaupa almennar íbúðir.

Markmið stofnframlaganna er að bæta húsnaðisöryggi tekju- og  
eignaminni heimila með því að fylgja leiguþáðum með viðráðanlegum  
húsnaðiskostnaður. Húsnaðiskostnaður á að vera í samræmi við greiðslugetu  
heimilanna og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.

Almenna íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 og hefur nú þegar rúmlega  
28 milljörðum króna verið úthlutað af HMS til byggingar og kaupa á 3.777  
íbúðum viðsvegar um landið. Heildarfárfesting í uppybyggingumni nemur um  
14.1 milljard króna.

## Opn fyrir umsóknir um stofnframlög

Auglyst er eftir umsóknum um stofnframlög til byggingar eða kaupa á  
almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnaðisöryggi þeirra sem  
eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til  
byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

## Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Nýbyggingar og fylgin leiguþáð.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguþáður fyrir leigjendur undir  
tekju- og eignamörkum.

**HMS**  
Húsnaðis- og  
mannvirkjastofnun

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Skog <skog@skog.is>  
**Sent:** föstudagur, 25. október 2024 10:08  
**To:** reykjavik@reykjavik.is; borgarstjori@reykjavik.is  
**Subject:** Ályktun samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands  
**Attachments:** Bréf með ályktun\_Vörsluskylda búfjár\_Sveitarfélögin.docx

Góðan daginn.

Vinsamlegast komið þessum pósti áleiðis á réttan stað innan sveitarfélagsins, en með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.

Það er einlæg ósk stjórnar Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á þessum pósti.

*Með bestu kveðju  
Skógræktarfélag Íslands  
Pórunnartúni 6  
105 Reykjavík*



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaga - Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík  
Sími: 551 8150 Netfang: [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is) Vefsíða: [www.skog.is](http://www.skog.is)

Reykjavík 23. október 2024

*Til sveitarfélaga á Íslandi  
bt. sveitarstjórnar*

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.

Hún er svohljóðandi:

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Neskaupstað dagana 30. ágúst – 1. september 2024, hvetur ríki og sveitarfélög til þess að fylgja eftir vörluskyldu búfjár.*

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Matvælaráðuneytið